

Nd.

### 423. Breytingartillögur

við frv. til laga um sauðfjárbaðanir.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

1. 8. gr. orðist svo :

Nú sýna skýrslur, að fjárkláði breiðist enn út, og er ríkisstjórninni þá heimilt, þó ekki fyr en í árslok 1930, að láta fram fara um land allt böðun á sauðfje til útrýmingar fjárkláða, enda sje það ákveðið i samráði við Búnaðar-fjelag Íslands og heyafli bænda í betra lagi. Setur ríkisstjórnin reglur um framkvæmd útrýmingarböðunarinnar og ákveður, að undangenginni rannsókn, hver baðlyf skuli nota.

2. Í stað síðari málsgreinar 10. gr. komi :

Andvirði baðlyfja, eins og þau kosta á næsta verslunarstað, sem notuð eru til endurböðunar samkvæmt 7. gr., greiðist úr ríkissjóði.

Kostnað allan við eftirlit með útrýmingarböðuninni samkv. 8. gr. greiðir ríkissjóður, og auk þess  $\frac{2}{3}$  hluta andvirðis baðlyfja og  $\frac{2}{3}$  hluta flutningskostnaðar á hafnir. Allan annan kostnað við útrýmingarböðunina greiða fjáreigendur eftir fjártölu, og annast hreppsnefndir og bæjarstjórnir um innheimtu. Gjald þetta má taka lögtaki.